

Suðurnesjabær  
Jón Ben Einarsson  
Sunnubraut 4  
250 Garður

Reykjavík 21. september 2020  
UST202009-199/A.B.  
10.04.00

**Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 2008 – 2024 og nýtt deiliskipulag - Leikskóli við Byggðaveg í Sandgerði**

Vísað er til erindis sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs Suðurnesjabæjar er barst 17. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu vegna breytingar á aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 2008 – 2024 og nýju deiliskipulagi fyrir leikskóla við Byggðaveg í Sandgerði.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að 1 ha svæði við Byggðaveg er skilgreint fyrir þjónustustofnanir þar sem gert er ráð fyrir leiksskóla(L3). Opið svæði til sérstakrar nota minnkar sem því nemur.

Í greinargerð deiliskipulags kemur fram að heimilt er að byggja 1.100 m<sup>2</sup> byggingu á einni hæð og auk þess fjallar tillagan um aðstöðu fyrir reiðhjóla, bílastæði og aðkomu.

**Fuglasvæði**

Umhverfisstofnun bendir á að skipulagssvæðið sem er hér til umfjöllunar liggur að mikilvægu fuglasvæði sem nefnist Rosmhvalanes samkvæmt upplýsingum frá Náttúrufræðistofnun Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>). Þar er langstærsta sílamáfsvarp landsins, rúmlega 40 þúsund pör árið 2004 og eru mörkin miðuð við meginútbreiðslu þess það árið (<https://www.ni.is/node/14446>).

Í greinargerð tillögunnar kemur fram að breytingin muni ekki hafa áhrif á varpsvæði sílamáfa á Rosmhvalanesi.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
sérfræðingur